

Nd. 115. Tillaga til þingsályktunar [100. mál]

um sérkennslumál.

Flm.: Sigurlaug Bjarnadóttir, Friðjón Þórðarson, Pálmi Jónsson,
Sverrir Hermannsson, Steinþór Gestsson.

Alþingi ályktar, að brýna nauðsyn beri til að gera án tafar ráðstafanir til að bæta úr vöntun á sérkennslu afbrigðilegra barna í grunnskólum úti á landsbyggðinni.

Í því skyni skal sérstökum starfsmanni innan menntamálaráðuneytisins falið könnunar- og skipulagsstarf á þessu sviði. Sé hann um leið skólastjórum og fræðsluráðum til ráðuneytis og aðstoðar í þessum málum.

Jafnframt skal áhersla lögð á menntun sérkennara við Kennaraháskóla Íslands og námskeið fyrir almenna kennara í kennslu og handleiðslu afbrigðilegra barna.

Greinargerð.

Hin nýju grunnskólalög, sem gert er ráð fyrir að komi til framkvæmda á næstu 10 árum, bera það á ýmsan hátt með sér, að vilji er fyrir hendi til að koma til móts við breytta þjóðfélagsháttu og nýjar þarfir skólakerfisins. Óneitanlega hefðu þau þó mátt gera fyllri skil vanda þeirra nemenda, sem haldnir eru einhverri vöntun, andlegri eða líkamlegri. Væntanlega mun reglugerð með lögnum geta bætt það upp. En einmitt með tilliti til hins óvenjulega langa gildistökutíma laganna þykir flutningsmönnum þessarar tillögu ástæða til að vekja sérstaka athygli á þessum þætti skólafræðslunnar, til þess að ekki verði lengur gengið fram hjá honum við framkvæmd fræðslulaga, -- og þá sérstaklega með grunnskóla landsbyggðarinnar í huga.

Fræðslufirvöld Reykjavíkurborgar hafa á undanförunum árum haft frumkvæði um ýmsar nýjungar, sem lúta að auknum stuðningi og aðhlyningu þeirra nemenda, sem einhverra orsaka vegna eru hjálparþurfi. Á fræðsluskrifstofu borgarinnar starfar sérstakur sérkennslufulltrúi, sem í samráði og samvinnu við fræðsluráð og skólastjóra borgarinnar skipuleggur og leiðbeinir um hinar ýmsu greinar sérkennslu og aðrar ráðstafanir vegna bágstaddra barna.

Úti á landsbyggðinni verður annað uppi á teningnum. Má óhikað segja, að utan Stór-Reykjavíkursvæðisins ríki ófremdarástand á þessu sviði skólamála. Munu þess mörg dæmi, að fólk, búsett úti á landi, hefur neyðst til að flytjast búferlum hingað suður til að sjá börnum sínum fyrir fræðslu og meðferð við þeirra hæfi.

Skýlt er að geta þess, að þessi mál hafa verið og eru í athugun innan menntamálaráðuneytisins, en þær athuganir og aðgerðir, ef hægt er að nota það orð, hafa því miður hingað til verið allt of handahófskenndar og í lausu lofti, þrátt fyrir góðan vilja starfsmanna ráðuneytisins. Þessi mál þarf að taka föstum tókum og til þess þarf ákveðinn aðila innan ráðuneytisins, eða í nánú sambandi við það, hæfan sérmenntaðan mann, sem geti beitt sér að því að skipuleggja og samræma aðgerðir á þessu sviði og um leið verið til aðstoðar og ráðuneytis skólastjórum og

fræðsluráðum úti á landsbyggðinni, sem í dag eiga í ekkert ákveðið hús að venda í þessum málum.

Fyrr á þessu ári fór fram á vegum ráðuneytisins athugun á sérkennsluþörfinni utan Stór-Reykjavíkursvæðisins. Heimsóttir voru 60 skólar vestan-, austan- og norðanlands, upplýsinga aflað um hjálparkennslu og nemendur athugaðir eftir því sem tími og aðstæður leyfðu, jafnframt gefnar ráðleggingar um meðferð þeirra og kennslu.

Sérfræðingur sá, dr. Arnór Hannibalsson sálfræðingur, sem athugun þessa gerði, lætur þess getið í upphafi skýrslu sinnar til ráðuneytisins, að hann geri ekki verkefninu nein skil, sem gagn sé í, svo naumur tími sem honum var til þess ætlaður, og ekki telur hann horfur á, að áframhald verði á störfum hans fyrir ráðuneytið.

Allt um það verður þó að telja skýrslu Arnórs, svo langt sem hún nær, gagnlega sem byrjunarskref í rétta átt. Hún gefur vísbendingu um það, sem raunar var vitað áður, að hér er um umfangsmikið vandamál að ræða, sem yfirstjórn fræðslumála ber skylda til að beita sér að af alvöru með öllum tiltækum ráðum.

Skýrsla þessi leiðir í ljós, að af þeim 60 skólum, sem heimsóttir voru, höfðu 18 einhverja — meiri eða minni — hjálparkennslu með höndum. Náði hún til 313 nemenda, en heildarnemendafjöldi þessara 18 skóla var 4468. Hjálparkennslunemendur voru þannig, miðað við þessar tölur, um 7%.

Í sjávarplássi einu er skóli með 44 nemendur. Af þeim þyrftu 8 nemendur aukatilsögn eða sérmeðferð, en engin tók eru þarna á að veita neitt slíkt. Til þess vantar kennara. Í öðru sjávarplássi með 151 nemanda í skóla þyrftu 21—24 hjálparkennslu við, en engu slíku er þarna til að dreifa — og þannig mætti lengi telja.

Af tilgreindum orsökum námserfiðleika er lestregða hvað algengust, en margar aðrar koma til, svo sem sjóngallar, heyrnarskerðing, málgallar, skriftarörðugleikar, stafablinda, seinþroski, taugaveiklun, erfiðar heimilisástæður og vanræksla í uppeldi.

Hér er við margvíslegan vanda að fást, — vanda, sem verður því erfiðari úrlausnar, því seinna sem hann er uppgötvaður á skólaferlinum. Áhugi og góður vilji almennra kennara og skólastjóra hrekkur hér hvergi nærri til að ná viðunandi árangri í því björgunar- og hjálparstarfi, sem hér þarf að koma til.

Sérstofnanir hér í Reykjavík eða úti á landi eru ekki lausnarorðið í þessu máli, þótt nauðsynlegar séu fyrir þann hóp barna, sem eru það mikið afbrigðileg líkamlega og/eða andlega, að þeim verður ekki sinnt að gagni með stuðningi eða sérmeðferð í hinum almenna skóla. Innlokun barns, sem haldið er einhverjum annmarka eða vöntun, á sérstofnun og aðskilnaður þess frá fjölskyldu og heimili, eðlilegu umhverfi og heilbrigðum félögum er neyðarúrræði, sem nú er almennt hafnað, ef annar kostur er fyrir hendi. Stefnan hlýtur að vera — og er sú, að sérkennsluþjónustan flytjist út í almenna skólakerfið og út um landið allt að svo miklu leyti sem mögulegt er.

Í ýmsum skólahéruðum úti um sveitir landsins hafa verið reyndar nýjar leiðir í þessum málum með athyglisverðum árangri í formi farkennslu, skiptikennslu og námskeiðahalds. En það er fremur undantekning en regla og án þess að nokkrar samræmdar aðgerðir stjórnvalda hafi komið til.

Síðasta málsgrein tillögunnar beinist að menntun sérkennara við Kennaraháskóla Íslands.

Hiklaust má telja, að skortur á menntuðum sérkennurum sé hvað stærsti þröskuldurinn í vegi fyrir því, að okkar sérkennslumál komist í viðunandi horf. Kennaraháskóli Íslands hefur því miklar skyldur að rækja í þessu sambandi og er þess að vænta, að endurskoðun sú, sem nú stendur yfir á kennsluháttum hans og námsfyrirkomulagi, leiði til rétttrar þróunar og úrbóta í þessum málum.

Það er skoðun okkar, flutningsmanna þessarar tillögu, að lagfæring á sérkennslumálum landsbyggðarinnar sé mikilvægur þáttur í aðgerðum sem miða að

byggðajafnvægi. Það er fleira en skuttogarar og hraðfrystihús, sem skiptir máli fyrir fólk dreifbýlisins. Því er áriðandi, að yfirstjórn menntamála geri hér samstillt átak til úrbóta án tafar.

Markmið skólans er að koma hverjum nemanda til manndóms og þroska, gera hann að sjálfbjarga einstaklingi í lífsbaráttunni. Í ósk okkar og viðleitni til að ná því markmiði megum við síst gleyma þeim, sem helst eru hjálparþurfi.